


SKAGAFJÖRÐUR HÖNNUNARSTAÐALL



HÖNNUNARSTAÐALL

- 01 EFNISYFIRLIT
- 02 BYGGÐARMERKI
- 03 PRENTAÐ EFNI
- 04 STAFRÆN GÖGN
- 05 SAMANTEKT

Hönnunarstaðall Skagafjarðar fjallar um byggðarmerki sveitarfélagsins Skagafjarðar og er ætlað að veita skýrar leiðbeiningar um notkun þess og um samhæfða og stílhreina framsetningu gagna og kynningarefnis.


Nauðsynlegt er að vinna eftir hönnunarstaðlinum til þess að tryggja samræmt útlit á öllum gögnum og kynningarefni í nafni Skagafjarðar.

Hönnunarstaðallinn er samþykktur af Sveitarstjórn Skagafjarðar og skal viðmiðum hans fylgt í hvívetna af öllum sviðum og stofnunum bæjarins.

Merkið er tákn Skagafjarðar og stofnanna þess og á að vera stolt íbúa og þeirra sem starfa hjá sveitarfélaginu.

01 EFNISYFIRLIT

-
-
-
-



00	UM HÖNNUNARSTAÐALINN	2
01	EFNISYFIRLIT	4
02	BYGGÐARMERKI	5
	NOTKUN MERKIS	6
	SAGA MERKISINS	7
	VIÐHAFNARÚTGÁFA	8
	SVART/HVÍT ÚTGÁFA	9
	LITIR	10
	LETUR	11
	STAÐSETNING TEXTA	12
	HEIMILI NORÐURSINS	14
	STARFSSVIÐ	16
	BAKGRUNNUR	17
	MERKINGAR Á BYGGINGUM	18
	MERKINGAR Á BIFREIÐUM	19

03	PRENTAÐ EFNI	20
	BRÉFSEFNI	21
	BRÉFSEFNI SVIÐA	22
	REIKNINGAR	23
	NAFNSPJÖLD	24
	UMSLÖG	25
	SKÝRSLUR	26
	ATVINNUAUGLÝSINGAR	27
	FÁNAR	28
04	STAFRÆN GÖGN	29
	UNDIRSKRIFTIR Í TÖLVUPÓSTI	30
	GLÆRUR	31
05	SAMANTEKT	32


.

02 BYGGÐARMERKI

.

.

.



NOTKUN MERKIS

Hönnunarstaðallinn er notaður af öllum starfsmönnum, stofnunum og samstarfsaðilum sveitarfélagsins, eftir því sem við á.

Mikilvægt er að allar stofnanir sem reknar eru af sveitarfélaginu auðkenni allt kynningarefni sitt samkvæmt staðlinum. Hönnunarstaðallinn á að vera starfsfólki sveitarfélagsins og öðrum sem vinna með byggðarmerkið til leiðbeiningar um birtingu efnis í öllum miðlum.

Stílsnið verða aðgengileg á innri vef sveitarfélagsins.

DÆMI UM GÖGN Á VEGUM SVEITARFÉLAGSINS:

Bréfsefni.

Nafnspjöld.

Auglýsingar í prenti og á netsíðum.

Annað markaðs- og kynningarefni.


Efni birt á netsíðum og samfélagsmiðlum.

SAGA MERKISINS

Byggðarmerki Skagafjarðar er blár skjöldur með hvítum táknum. Táknin eru lóðrétt til vinstri, efri hluti sverðs og til hægri hún biskupsstafs, bagals.


Þessi tákn tengjast sögu Skagafjarðar, sverðið sem tákn veraldlegs valds og biskupstafurinn andlega valdið. Blár litur er tákn himins og hafs.

Hönnuður merkisins er Snorri Sveinn Friðriksson.





VIÐHAFNARÚTGÁFA

Í svokallaðri viðhafnarútgáfu, er leyfilegt að setja silfurlit þar sem hvítt er í merkinu.



SVART/HVÍT ÚTGÁFA

Merkið má einnig nota í svart/hvítri útgáfu og er þá bláa litnum á skildinum skipt út fyrir svartan eða hvítan, eftir því hvað við á.



LITIR

Byggðarmerkið er blár skjöldur með hvítu sverði og bagal.

Svartur litur er notaður í heiti sveitarfélagsins standi það með merkinu.



Skagafjörður



PANTONE
287



CMYK
100-87-20-10



RGB
0-48-135

LETUR

Letrið sem notað er með skjaldarmerkinu heitir AGaramond er notað í semi-bold útgáfu.


AGARAMOND SEMI-BOLD

A Á B C D Đ E É F G H I Í J K L M
N O Ó P Q R S T U Ú V W X Y Ý Z
Ɔ Æ Ö

a á b c d ð e é f g h i í j k l m n o
ó p q r s t u ú v w x y ý z Ɔ æ ö

STAÐSETNING TEXTA

Leyfilegt er að staðsetja heiti sveitarfélagsins fyrir neðan eða hægra megin við merkið—skal það ávallt vera miðjusettt.



Skagafjörður



Skagafjörður

STAÐSETNING TEXTA


Þegar heitið er fyrir neðan skal passa að bilið á milli þess og jaðar merkisins samsvari hæð lágstafa (X) og leitast skal eftir að gefa tvöfalt það pláss (2X) umhverfis merkið.

Þegar heitið er hægra megin skal taka mið af breidd hástafsins S (Y) þegar metið er bilið á milli merkis og texta. Jafnframt skal leitast við að gefa tvöfalt það pláss (2Y) umhverfis merkið.



HEIMILI NORÐURSINS

Einnig er leyfilegt er að nota nafnið ásamt slagorðinu Heimili norðursins, sem kemur þá fyrir neðan heiti sveitarfélagsins.



Skagafjörður
Heimili norðursins



Skagafjörður
Heimili norðursins

HEIMILI NORÐURSINS

Gilda þá sömu reglur um bilið á milli merkis og texta sem og plássið umhverfis merkið.



STARFSSVIÐ

Svið sveitarfélagsins skulu einkenna sig með byggðarmerkinu ásamt heiti sviðs í texta undir Skagafjörður.

Merki sviða eru til á sama formi og aðrar útfærslur byggðarmerkisins, með heitinu undir skjaldarmerkinu og hægra megin við það.




Skagafjörður
Fjölskyldusvið



Skagafjörður
Stjórnsýslu- og fjármálasvið




Skagafjörður
Fjölskyldusvið



Skagafjörður
Stjórnsýslu- og fjármálasvið

BAKGRUNNUR

Ef setja á merkið á annan bakgrunn en hvítan eða yfir myndir, skal nota hvíta útlínu á skjöldinn eins og sést hér.



MERKINGAR Á BYGGINGUM



Allar byggingar sem hýsa starfsemi sveitarfélagsins skulu merktar með byggðarmerkinu og heiti viðkomandi starfsemi. Merkingarnar skulu vera á áberandi stað til að auðvelda fólki að finna viðkomandi þjónustu.

Hæð texta skal vera 1/2 af hæð byggðarmerkis og skal vera miðsett. Bilið á milli texta og merkis skal miðast við breidd bagalsins í byggðarmerkinu.



MERKINGAR Á BIFREIÐUM

Bílar á vegum sveitarfélagsins
skulu merktir með skjaldarmerkinu
á báðar framhurðir.




•

•

03 PRENTAÐ EFNI

•

•



BRÉFSEFNI

Stærð A4.

Hér er gerð undanþága á byggðarmerkinu, þar sem nafnið stendur vinstra megin við skjöldinn.


Miða skal við að nota eftirfarandi spássíur fyrir texta:

topp: 35 mm

botn: 30 mm

vinstri: 20 mm

hægri: 20 mm




BRÉFSEFNI SVIÐA

Bréfsefni eru til fyrir hvert svið, sem fylgja sama formi.



REIKNINGAR

Reikningar á vegum sveitarfélagsins hafa byggðarmerkið efst í vinstra horni og texta upplýsingar í því hægra, eins og sést hér.



Skagafjörður - Skagfirðingabraut 17-21 - 550 Sauðárkrúki
Sími 455-6000 - skagafjordur@skagafjordur.is - Kt. 550698-2349 - Vsk.nr. 60077

Reikningur

Reikningsnr. _____
Reikn.færist á viðskm. _____
Bókunardags. 01.12.20
Gjald dags. 01.12.20

Ársalir des 2020

Lýsing	Magn	Ein.verð	Afsláttar%	VSK%	Upphæð
Fæðiskostnaður Ársalir 22.08.19	8,5	3.143,25		0	26.718
	1	13.547,00		0	13.547
		Samtals ISK			40.265

Greiðsluskilmálar

Þessi reikningur er upprunninn í ERP-kerfi sem uppfyllir reglugerð nr. 505/2013

NAFNSPJÖLD

Nafnspjöld eru 85x55 mm og eru prentuð báðum megin, íslenska á framhlið en enska á bakhlið.



UMSLÖG

Umslög merkt sveitarfélaginu
eru til í eftirfarandi stærðum:


M65

C4

C5

Á umslögunum kemur fram nafn
og byggðarmerki sveitarfélagsins,
heimilisfang og símanúmer.

C5



M65




C4



SKÝRSLUR

Útlit á skýrslum skal vera stílhreint og einfalt í samræmi við annað útgefið efni sveitarfélagsins. Forsíða og baksíða skulu vera í bláa litnum (Pantone 287), með hvítum texta ásamt sverði og biskupsstaf byggðarmerkisins neðst í hægra horni.

Þau skjöl eða skýrslur sem hafa kaflasíður (eins og fjárhagsáætlunin sem sjá má hér) skulu hafa ljós gráar kaflasíður með bláum texta (Pantone 287) ásamt hvítu sverði og biskupsstaf byggðarmerkisins neðst í hægra horni.



ATVINNUAUGLÝSINGAR

Nota skal fyrirfram hannað form fyrir atvinnuauglýsingar, þar sem einungis þarf að slá inn titil og texta auglýsingarinnar.

Hægt er að velja á milli tveggja stærða og mynd úr myndabanka. Leitast skal við að velja þá mynd úr myndabankanum sem passar best við starfið sem auglýst er.

Þroskaþjálfari eða iðjuþjálfari óskast

Iðja dagþjónusta auglýsir eftir þroskaþjálfara eða iðjuþjálfara í tímabundið starf frá 1. ágúst 2020 með möguleika á áframhaldandi starfi. Starfið felur í sér að hafa faglega yfirsýn á þjónustu við notendur. Starfsmaður vinnur m.a. að gerð einstaklings og þjálfunaráætla og veitir notendum aðstoð við athafnir daglegs lífs, umönnun, þjálfun og afþreyingu. Unnið er að hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn og valdeflingu. Á heimasíðu sveitarfélagsins má finna nánari upplýsingar um starfið sem og menntunar- og hæfniskröfur.

Umsóknarfrestur er til og með 3. maí 2020.

Jónína G. Gunnarsdóttir, forstöðumaður, svarar fyrirspurnum; idja@skagafjordur.is eða 453-6853. Umsóknun er greina frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknun verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Skagafjörður
Heimilið norðurlands

www.skagafjordur.is



Sumarstarf á Blönduósi

Heimilið við Skúlabraut á Blönduósi auglýsir eftir sumarstarfsmanni í 100% starf (dagvinnu). Starfið er tvískipt en í því felst annars vegar yfirumsjón með eldhúsi og hins vegar að aðstoða fatlaða einstaklinga við athafnir daglegs lífs. Á heimasíðu sveitarfélags Skagafjarðar má finna nánari upplýsingar um starfið sem og menntunar- og hæfniskröfur.

Umsóknarfrestur er til og með 3. maí 2020.

Ari Jóhann Sigurðsson, forstöðumaður svarar fyrirspurnum í síma 893-6673/452-4960 eða arijohann@skagafjordur.is. Umsóknun er greina frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins.

www.skagafjordur.is



Laust starf: afgangiðsla ráðhús

Stjórnsýslu- og fjármálasvið auglýsir laust starf í afgangiðsla ráðhús, um 85%–100% starf er að ræða. Í starfinu felst m.a. símsvörun, móttaka viðskiptavina og aðstoð við verkefni sem tengjast innheimtu fyrir sveitarfélagið. Krafist er framhaldsskólamenntunar ásamt reynslu af þjónustu- og skrifstofustörfum. Nánari upplýsingar um starfið sem og ýtarlegri menntunar- og hæfniskröfur má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf).

Einnig veitir Margeir Friðriksson sviðsstjóri, nánari upplýsingar í síma 455 6000 eða margeir@skagafjordur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. desember 2020.


Sótt er um starfið í íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins. Umsókn um starfið þarf að fylgja ýtarleg starfsferilskrá, afrit af prófskírteini ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rákstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknun verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

www.skagafjordur.is

FÁNAR

Fánar eru til í tveimur stærðum, annarsvegar 180x120cm og hinsvegar 100x250cm.

Hægt er að prenta bæði hvíta og bláa fána eins og sýnt er hér.




.

.

.

04 STAFRÆN GÖGN

.



UNDIRSKRIFTIR Í TÖLVUPÓSTI

Undirskriftir allra starfsmanna sveitarfélagsins skulu fylgja stöðluðu formi sem sjá má hér til hliðar, þar sem fram kemur nafn starfsmanns, starfsheiti, símanúmer og netfang, ásamt byggðarmerkinu og upplýsingum sveitarfélagsins.



Skagafjörður

Nafn starfsmanns

Starfsheiti

455-xxxx






starfsmadur@skagafjordur.is

Ráðhúsinu 550 Sauðárkróki Sími: (+354) 455 6000 www.skagafjordur.is

GLÆRUR

Í glærusýningum má nota byggðarmerkið með eða án texta en skal þá passa að gefa nægilegt autt pláss í kringum merkið (sjá bls.13, *staðsetning texta*).

Ef einungis er notað sverðið og biskupsstafurinn úr byggðarmerkinu, má það "blæða" út af blaðsíðunni og skal þá staðsett neðst í hægra horninu, eins og sjá má hér.



-
-
-
-

Mikil verðmæti eru fólgin í byggðarmerki Skagafjarðar og útlit á kynningar- og auglýsingaefni sveitarfélagsins endurspeglar ímynd þess. Því skal ávallt vanda framsetningu og leitast við að fylgja þeim viðmiðum sem hér hafa verið sett fram.

05 SAMANTEKT

Hönnun og framsetning:

Ólína Einarsdóttir, grafískur hönnuður, BFA

Ábyrgðaraðili:

Sveitarstjórn Skagafjarðar

